

Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

6. - 10. janúar

Prettándinn á mánudegi

Glettinn máninn

Nú er glatt hjá álfum öllum

Máninn hátt á himni skín

Álfareiðin (eitt erindi)

13.- 17. janúar

Álfadans á föstudegi

Frost er úti fuglinn minn

Glettinn máninn

Nú er glatt hjá álfum öllum

Máninn hátt á himni skín

Álfareiðin (annað erindi)

20. - 24. janúar

Bóndadagur á föstudegi

Minni karla

Minni kvenna

Frost er úti fuglinn minn

Álfareiðin (öll erindin)

Glettinn máninn

Glettinn máninn

Lag: Finnskt þjóðlag

Ljóð: Ingólfur Jónsson

Glettinn máninn gægist

gjarnan til mín inn,

sýnist vilja segja: Sjá þú geislann minn.

Málað hef ég marga mynd

á dal og strönd,

sett þær mánasilfri, sýnt þeim töfralönd.

Hatt í himinveldi hreykir máninn sér.

Hann er oft að hlægja,

hlær að mér og þér.

Skuggana hann skammar,

skýst á undan þeim.

Silfurörvar sínar sendi út um geim.

Álfareiðin

Erlent lag, uppruni ókunnur

Ljóð: Heinrich Heine.

Íslensk þýðing: Jónas Hallgrímsson

Stóð eg úti' í tunglsljósi, stóð eg úti' við skóg,

stórir komu skarar, af álfum var þar nóg; blésu þeir á sönglúðra' og bar þá að mér fljótt

∴ bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt. ∴∴

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund,

hornin jóa gullroðnu blika við lund;

eins og þegar áltir af ísa grárri spöng

∴ fljúga suður heiði með fjaðraþyt og söng. ∴∴

Heilsaði' hún mér drottningin og hló að mér um leið,

hló að mér og hleypti hestinum á skeið.

Var það út af ástinni ungu sem eg ber?

∴ eða var það feigðin sem kallar að mér?

∴∴

Máninn hátt á himni skín

Færeyskt vikivakalag
Þjóðkvæði

Máninn hátt á himni skín,
hrímfölur og grár.
Líf og tími líður
og liðið er nú ár.

*Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn
og hratt flýr stund.*

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt hér dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Bregðum blysum á loft...

Nú er glatt hjá álfum öllum

Lag: frá Færeyjum
Ljóð: höfundur ókunnur

Nú er glatt hjá álfum öllum.
Hæfadderífadderallala.
Út úr göngum gljúfrahöllum.
Hæfadderífadderallala.
Fyrir löngu sest er sól,
sjaldan eru brandajól.
*Hæfadderí, hæfaddera,
hæfadderífadderallala.*

Dönsum dátt á víðum velli.
Hæfadderífadderallala.
Dunar hátt í hól og felli.
Hæfadderífadderallala.
Álfasveinninn, álfasnót
einni sýnir blíðuhót.
*Hæfadderí, hæfaddera,
hæfadderífadderallala.*

Frost er úti fuglinn minn

Enskt lag
Ljóð: Höfundur ókunnur

Frost er úti, fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu' í nefið þitt
því nú er frosið allt?
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Minni karla

Sænskt þjóðlag
Ljóð: Grímur Thomsen

Táp og fjör og frískir menn
finnast hér á landi enn,
þéttir á velli og þéttir í lund,
þrautgóðir á raunastund.
Djúp og blá, blíðum hjá
brosa drósum hvarmaljós.
Norðurstranda stuðlaberg
stendur enn á gömlum merg.

Minni kvenna

Lag: Schulz
Ljóð: Matthías Jochumsson

Fósturlandsins Freyja,
fagra Vanadís,
móðir, kona, meyja,
meðtak lof og prís!
Blessað sé þitt blíða
bros og gullin tár.
Þú ert lands og lýða
ljós í þúsund ár.